

Húsið Ziemsen - endurbyggingu lokið.

Húsið var upphaflega byggt í tveim áföngum á lóðinni Hafnarstræti 21. Það var komið með núverandi mynd sína, stærð og form árið 1899 og er því nú 110 ára í heild sinni. Eldri hluti hússins sem er syðri helmingur þess er töluvert eldri, líklega að stofni frá 1835 byggður af Bjarna Sivertsen, en 1875 var H.Th.A. Thomsen orðinn eigandi hússins og í hans eigu fær það núverandi form 1899.

Alla tíð hefur verið rekin verslunarstarfsemi í húsinu, krambúðir og pakkhús. Lengst af var þar Thomsen kaupmaður, en hann rak sem kunnugt er verslun í mörgum húsum við austanvert Hafnarstræti. Um nokkurt árabíl var Borgarbílastöðin þar einnig til húsa í núverandi suðurenda eða allt til þess að húsið var flutt í apríl 2006. Samhliða rekstri hennar var Járnvöruverslun Ziemsen þá til húsa í núverandi norðurenda.

Vorið 2006 var svo komið að húsið stóð í vegi fyrir byggingu nýrra höfuðstöðva Landsbanka og varð samkvæmt því skipulagi að hverfa af sínum upphafsstað. Reykjavíkurborg hafði þá leyst húsið til sín og Minjavernd flutti það í fyrstu til geymslu út á Granda. Í framhaldi gerðu Minjavernd og Reykjavíkurborg síðan með sér samkomulag um uppbyggingu hússins 2007. Eftir að skoðaðir höfðu verið valkostir hvað snertir framtíðarstaðsetningu þess var ákveðið að setja það á Grófartorg og heitir það nú staðsett að Vesturgötu 2a. Minjavernd hefur í öllu verið ábyrg fyrir endurbyggingu hússins og fjármagnað hana með liðsinni Virðingar og Íslandsbanka.

Við hönnun endurgerðar hússins á nýjum stað þótti rétt að draga fram helstu stíleinkenni þess frá fyrri tíð, jafnframt því sem því yrði ætlað að nýtast fyrir nútíma starfsemi. Ákveðið var að hafa á því standandi listaklæðningu og verslunarglugga á neðri hæð. Gluggum var búinn umbúnaður í takt við upphaflegt form. Innra burðarvirki hafði verið mikið raskað í tímanns rás, en það var nú endurgert á nær upphaflegan hátt. Jafnframt þótti við skoðun rétt að hlaða á ný sökkul hússins og var það gert úr sömu steinum og það stóð upphaflega á við Hafnarstræti. Þar sem kjallari var hækkaður var einnig notast við grjót úr sökklum annars pakkhúss sem stóð norðan við Zimen á sínum tíma og það grjót grafið upp. Þar sem nútímanot krefjast rúmra stiga og lyftu þótti nauðsynlegt að reisa viðbyggingu við vesturhlið hússins fyrir þær þarfir og var ákveðið að hafa hana úr stáli og gleri, en þó ekki úr nýrri gerð álglerkerfa, heldur glerkerfi sem þróað hefur verið frá elstu slíkum kerfum og komu hingað fyrst um 1880. Hönnuður endurgerðar hússins og umhverfis þess með Minjavernd var Hjörleifur Stefánsson arkitekt.

Húsið stóð á sjárvarkambi upphaflega og áttu kaupmenn bryggjur sínar norður af því. Smám saman réðust menn í að hlaða hafnarkata norðan hússins og mátti við uppgröft sjá þróun þeirra frá frekar frumstæðri hleðslu yfir í vel formaða steina í múrlími. Við ákvörðun um form á umhverfi hússins þótti því rétt að flytja hluta af þeirri sögu jafnframt með húsinu. Gömlu hafnarkantarnir voru því grafnir upp og hver steinn merktur. Þeir voru síðan endurhlaðnir við sjávarfallaþró sem er nú austan hússins með brú yfir. Við fornleifakönnun sem framkvæmd var áður en grunnur hússins var tekinn kom jafnframt í ljós algerlega óskemmdur vestasti hluti hleðslu sem var norðan Duus húss og var ákveðið að sá kantur fengi að njóta sín um framtíð. Ennfremur kom í ljós bólverk úr timbri og grjóti sem var í sveig fyrir botni vogs þess sem húsið stendur nú á að segja má, en fylltur hefur verið upp. Að því bólverki lögðu menn uppskipunarbatum. Bólverk þetta var einnig endurgert í formi setstalla meðfram Vesturgötu, en miðstallurinn hefur nákvæmlega sömu legu og hæð og bólverkið upphaflega hafði. Grjótið sem nú er undir og innan við miðstokkinn þar er sama grjótið og menn hlóðu forðum undir og innan við upphaflegan stökk.

Það er von Minjaverndar, nú þegar endurbyggingu hússins er lokið, að það og starfsemi í því megi blómgastr og auðga lífið í miðbæ Reykjavíkur, jafnframt því sem saga hússins og umhverfis þess lifi áfram til ókominna kynslóða. Minjavernd færir öllum þeim sem að framkvæmdinni komi þakkir fyrir gott samstarf. 4.12.09. P.B.